



Skógarfuglar

INNGANGUR

Fuglar eru órjúfanlegur hluti skógarvistkerfa heimsins og sinna þar mikilvægri þjónustu. Þeir eru okkur mönnum ekki síður mikill yndisauki í allri náttúruskoðun og þau dýr sem við eigum í mestum samskiptum við hérlendis.

Tegundafjölbreytni íslensku fuglafánunnar er heldur minni en í nágrannalöndunum, miðað við breiddargráðu, og á það sérstaklega við skógarfugla. Ræður þar skortur á heppilegum búsvæðum miklu. Með dafnandi skógi víða á landinu hafa skilyrði myndast fyrir fleiri tegundir til að nema hér land og flytja landsmönnum sinn söng, ásamt því að stofnar eldri skógarbúa styrkjast.


Margar fuglategundir nýta sér skóga landsins að mismiklu leyti til skjóls, varps og fæðuleitar. Má þar nefna rjúpu, þúfutittling, hrossagauk, smyril, branduglu, hrafn, starra og maríuerlu. Í þessu frækorni verður hinsvegar litið yfir þá fugla sem kunna hvað best við sig í trjám og skógum landsins,

Skógarpröstur

Lengd: 21 cm Þyngd: 70 g Urpt: 4-6 egg

Hvert mansbarn á Íslandi lærir fljótt að þekkja þennan einkennisfugl íslenskra skóga og garða. Óþýður óðalssöngur karlfuglanna er mörgum mikill vorboði. Hann verpir í allskyns skóglendi og getur þéttleiki varppara orðið hár í gróskulegum skógi og er hann iðulega fyrsti fuglinn sem tekur á móti manni í skógaröngu. Treystir aðallega á ánamaðka, áttfætlur og skordýr á sumrin en sækir síðan í auknum mæli í aldin trjáa og runna þegar haustar og eru reyniber í miklu upphaldi.





Glókollur

Lengd: 9 cm Þyngd: 6 g Urpt: 6-11 egg

Tók að verpa hérlandis um aldamótin síðustu og er orðinn nokkuð algengur í stærri greniskógum. Gerir vart við sig með einkennandi hátíðnitísti. Er á sífelliði við að tína smádyr og þá mest sitka- og grenilyls til þess að halda sínum litla kroppi gangandi, en hann er minnsti fugl Evrópu. Tegundin er velkomin viðbót við fánu landsins enda vinnur hún mikið þarfaverk í lúshreinsun.

Krossnefur

Lengd: 17 cm Þyngd 43 g Urpt: 3-5 egg

Hefur orpið hér árvissst síðan 2008, eftir rásfar stórra hópa frá Evrópu. Krossnefurinn er nær eingöngu frææta og er lögun goggsins sérhæfð til þess að þvinga upp fræhlfarnar á könglum. Hann notar tunguna svo til þess að krækja í fræið sem liggur eftir óvarið. Tegundin tímasetur varp þegar fræframboð er nægt, jafnvel um hávetur og er eina tegundin hérlandis sem reynir slíka fífldirfsku. Krossnefsstofninn mun eflaust sveiflast mikið ár frá ári eftir tíðarfari og fræframleiðslu en á eftir að festa frekari rætur er skógur landsins eldast og eflast.



Músarrindill

Lengd: 13-17 cm Þyngd: 15 g Urpt: 6-8 egg



Fagurbarki mikill sem helgar sér stórt óðal að vori er karlarnir keppast um að flétta saman kraftmesta tónverkið til að heilla kvenfuglana. Ef söngurinn tekst vel þá hefur kvenfuglinn úr nokkrum hreiðurkúlum að velja sem karlinn hefur ofið og þegar hún hefur tekið ígrundaða ákvörðun er íbúðin „innréttuð“ með hálm og fjöðrum. Hann er sívirkur, vanalega einfari og felugjarn en hann er helst að finna í vel grónum skógum og þá oft í nágrenni við rennandi vatn. Þar tíni hann smádyr í kjarri og öðru gróðurþykki. Íslenskir músarrindlar eru stærri og dekkri en frændur þeirra í Evrópu og ber sérstakt undirtegunarheiti „*Troglodytes troglodytes islandicus*“. Þjóðsögur segja hann þjófgefinn og er því gott að geta kennt honum um ef einhverjir smáhlutir eru ekki á sínum stað.

Svartpröstur

Lengd: 24-25 cm Þyngd: 100 g Urpt: 3-5 egg

Svartprösturinn er stór og myndarlegur, talsvert stærri en skógarprösturinn. Hann gerir svipaða fæðukröfu, treystir mikið á ánamaðka að sumri en ber og önnur aldin yfir vetrarmánuðina. Syngur þunglamalegan fagran söng er varptíminn rennur í garð í mars. Svartprestir hófu reglulegt varp í Reykjavík við upphaf tíunda áratugs síðustu aldar og hafa síðan þá breiðst út um Suður- og Vesturland og eru einnig nýfarnir að teygja sig vestur á firði og norður á Akureyri. Tegundina verður eflaust hægt að finna um land allt innan fárra ára við gróna bæjarkjarna og í ríkulegu skóglendi.



Auðnutittlingur

Lengd: 12-14 cm Þyngd: 15 g Urpt: 4-6 egg

Lítill snotur félagslynd finka sem treystir aðallega á fræframleiðslu birkis sér til framfærslu en hefur nýlega lært að ná fræjum úr greni- og lerkikönglum. Fóðrar þó ungvíðið með smádyrum og verpir vanalega oftar en einu sinni á sumri í fingerða hreiðurkөрfu. Flýgur í einkennandi endurteknum bylgjum og gefur

frá sér dillandi sönghrinu. eru staðfuglar og duglegir að sækja í fóðurgjafir að vetri til. Með aukinni útbreiðslu skóga verður ávallt meira af seinföllnum birkireklum eftir í skóginum sem og önnur vetrarfæða. Stofninn mun því halda áfram að stækka líkt og hann hefur gert síðast liðna áratugi.



Skógarsnípa

Lengd: 33-35 cm Þyngd: 300 g Urpt: 4 egg

Líkist frænda sínum hrossagauknum í útliti en er mikið stórvaxnari. Hefur líklega orpið héraendis frá 1970 en vegna afar felugjarns háttalags er erfitt að átta sig á mögulegri stofnstærð. Syngjandi karlfuglar á vorkvöldum eru þó góð vísbending um hvar varp gæti verið að finna. Söngflug þeirra er einstakt þar sem karlinn hringar yfir trjátoppunum og rýtir þrisvar sinnum og endar svo á háu tísti. Slíkt flug hefur sést yfir skógum víða um land allt, sér í lagi í skógum með ríkulegum undirgróðri.



Eyrugla

Lengd: 35-37 cm Þyngd: 300 g Urpt: 4-6 egg

Er nýlegur landnemi hérlendis. Hefur orpið í skóglendi á Suðurlandi að staðaldri síðan um aldamótin. Uglurnar hafa þó verið mis áberandi milli ára og því erfitt að segja með vissu hvort landnámið sé tryggt. Tegundin lifir á músum og smáfuglum líkt og önnur íslensk ugla, branduglan. Báðar þessar tegundir nýta sér skóga og skógarjaðra til veiða. Eyruglan er þó meiri skógarfugl og verpir í trjám á meðan branduglan verpir á jörðu niðri.



LÍKLEGIR LANDNEMAR

Spennandi tímar eru framundan þar sem margar tegunda skógarfugla hafa reynt varp síðastliðin ár og áratugi og ein stór ganga frá Evrópu gæti skapað hér varanlegan stofn líkt og gerðist með glókollinn. Erfitt er að spá, sérstaklega um framtíðina, en gráþröstur, fjallafinka, bókfinka, hringdúfa og barrfinka eru tegundir sem hafa orpið all reglulega, sumar árlega og gætu ef til vill bæst við fánuna næst. Aðrar tegundir, líkt og glóbrystingur og fjölmargir smáfuglar af ætt söngvara, hafa einnig sýnt tilburði og geta komið til greina. Á meðan fylgjumst við með, njótum vaxandi fjölbreytileika og leggjum við hlustir.



Vesturlandsskógar

SUDURLANDSSKÓGAR



Höfundur og teikningar: Jón Ásgeir Jónsson.

Uppsetning: Ragnhildur Freysteinsdóttir.

Prentsmiðjan Oddi. Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands - www.skog.is